

1.tbl 2004

BLAÐIÐ

Laugardagur 15.maí 2004

Fótboltasumarið er hafið og hvar er betra að byrja en á besta heimavelli landsins.

ÁFRAM KR!

Sumarið er tíminn

Besti heimavöllurinn.

Ég var mættur á Mekku fótboltans að eigin mati. Mér fannst reyndar full rólegt yfirbragð yfir öllu en það átti eftir að breytast. Rauð derhúfa með ásaumuðu merki félagsins var keypt á 11.99 pund og hún fór beint á höfuðið. Eftir að hafa skóflað niður einum frekar subbulegum hamburgara var ákveðið að biða ekki lengur og við fórum uppí stúku.

Við horfðum hugfangnir yfir leikvöllinn, það voru ekki margir búnir að setjast enda flestir enn að sötra öl eða borða samloku fyrir utan. Ég settist strax niður og horfði með aðdáun yfir völlum sem er kallaður leikvangur draumanna. Þegar um 10 mínútur voru í leik var setið í hverju sæti. 67.609 áhorfendur voru mættir á svæðið og kyrjuðu söngva félagsins. Við vorum á Old Trafford, heimavelli Manchester United.

Manchester United er mitt félag á Englandi og mótherjarnir þennan dag voru Chelsea. Innst inni hélt ég eilítið með Chelsea þar sem Eiður Smári var í fremstu línu. Leikurinn var hraður og skemmtilegur og Eiður skoraði mark, sem reyndar var dæmt af vegna rangstöðu. Stemmingin á vellinum var ólýsanleg. "We saw you cry on the telly" (leikmenn Chelsea grétu eftir að falla úr Meistaradeild Evrópu) sungu rúmlega sextíu þúsund hálsar til að þagga niður í stuðningsmönnum Chelsea sem voru umkringdir af öryggisvörðum. Við hlið mér sat félagi minn, stuðningsmaður Chelsea, sem gat ekki leynt hrifningu sinni á umgjörðinni og stemmingunni á vellinum.

Þetta var seinasti heimaleikur minna manna á Englandi og næsti leikur sem ég sæki verður fyrsti heimaleikur minna manna á Íslandi. Eina liðið á Íslandi sem kemst nálægt Manchester United varðandi umgjörð og stuðningsmenn er KR. KR-ingar mega vera stoltir af félagi sínu, þeir hafa sýnt það og sannað að þrátt fyrir að Ísland sé lítið land þá eru Íslendingar stórhuga. Það er ekki spurning að KR á besta heimavöllinn.

Fánar, söngvar og trommusláttur er einkennandi fyrir stuðningsmenn KR og með slíkan stuðning að baki sér hafa leikmenn KR náð að landa mörgum titlum á undanförunum árum. Þannig verðum við að halda áfram að styðja við bakið á okkar leikmönnum sem leggja sig ávallt 100% fram þegar þeir leika undir merkjum félagsins. Við eigum líka að leggja okkur öll fram þegar við styðjum við bakið á okkar fólki, hvort sem er heima eða heiman. Stuðningsmennirnir eru einn stærsti hlutinn af hverju liði og getum við verið vera stolt af því að vera KR-ingar. Við gerum miklar kröfur til liðsins og eigum því að gera miklar kröfur til sjálfra okkar.

Ég vona að sumarið verði okkur gott og titlum verði fagnað í haust. Þannig viljum við hafa það og þannig á það að vera. Ég hvet alla til að mæta á völlum og hvetja sitt lið af krafti, þannig vinnum við leiki og þannig vita leikmennirnir að KR-ingar ætla að halda merki félagsins hátt á lofti og vera áfram, sem áður, bestu stuðningsmennirnir á Íslandi.

ÁFRAM KR!

Hilmar Þór Guðmundsson.

EKKI Á LEIÐINNI Í VÖRNINA

Sú saga hefur farið fjöllum hærra að undanförmu að lögreglumaðurinn rögg sami Þormóður Egilsson sé búinn að taka fram skóna á nýjan leik og muni leika með KR í sumar vegna meiðslavandræða sem hrjá Íslandsmeistarana. Þormóður verður 35 ára á árinu og hefur fagnað mörgum titlum í Vesturbænum. Við slógum á þráðinn til Móða og spurðum hvað væri til í sögunni um endurkomu kappans.

„Þetta er einhver vorsaga. Ég fór reyndar á æfingu með meistaraflokki og Willum leyfði mér að spreyta mig á móti þessum ungu strákum. En eins og staðan er í dag þá er ég ekki á leiðinni aftur í boltann.“

En það hlýtur að kítla Móða að spila með KR í sumar?

„Já það gerir það. Alltaf á vorin langar manni að spila með, en ég er orðinn svo hundgamall. Ég tók eina æfingu með strákunum og á langt í land með að vera í toppformi.“

Þormóður segir að sagan sé góð en að ekkert sé á bakvið hana. Þó hann hafi spilað með lögreglunni þá er það bara félagabolti og ekki líkur þeim sem leikinn er á KR-velli. En hvernig líst Móða á sumarið og KR-liðið?

„Mér líst vel á þetta. Ég hef alltaf trú á mínu liði og held að það hafi burði til að klára dæmið í ár. Ef allt smellur saman þá á KR að geta hampað titlinum í ár.“

Án þín þá?

„Ef það er eitthvað sem maður hefur lært þá er það að aldrei segja aldrei.“



KR spáð bronsinu

Kvennaliði KR var spáð bronssetinu í spá þjálfara og fyrirliða liða í Landsbankadeildinni. Það er lið ÍBV sem þykir sigurstranglekast en Eyjastúlkur fengu 174 stig. Valur kom næst með 167 stig og KR í þriðja sæti með 143 stig.

KR hefur misst nokkra góða leikmenn en Hrefna Jóhannesdóttir er farinn til Noregs og Ásthildur Helgadóttir er einnig farinn úr herbúðum KR. Það verða því ungar og efnilegar stelpur sem munu vera í lykilhlutverkum í sumar og verður gaman að sjá hvernig þær spjara sig í deildinni.

Á mánudaginn hélt KSÍ blaðamannafund þar sem línurnar voru lagðar fyrir fótboltaárið sem framundan er og kom margt forvitnilegt þar fram.

Sjá nánar á síðu 11.

Meðal efnis:

Kynning á meistaraflokki karla	4-5
Kynning á meistaraflokki kvenna	8-9
Viðtal við Willum Þór	5
Svipmyndir	10
KR spáð sigri	11



SAMSKIP



Radisson SAS
HOTELS & RESORTS

Útgefandi:



MARKMENN ehf

MARKMENN ehf

Háukinn 6, 220 HFN.

Sími 544 5300

www.markmenn.is

sport@sport.is

Hægt er að nálgast blaðið í heild sinni á PDF formi á slóðinni www.sport.is.

Umsjón blaðs og ábyrgð:

Ritstjóri: Hilmar Þór Guðmundsson

Blaðamenn: Snorri Sturluson

Bragi Magnússon

Hilmar Þór Guðmundsson

Þór Bæring Ólafsson

Ljósmyndun: Hilmar Þór Guðmundsson

Erling Ó. Aðalsteinsson

Umbrot: Markmenn ehf

Prentun: Prentmet

Annað efni er birt á ábyrgð höfunda.



PROSTAR™

Jói útherji

Okkur er annað
um þinn hlut

Samskip eru öflugt alþjóðlegt fyrirtæki í flutningaþjónustu með starfsemi og skrifstofur í Evrópu, Ameríku og Asíu, auk umboða og samstarfs við fjölda flutningafyrirtækja um heim allan. Reynsla, þekking og samhæft upplýsingakerfi auðveldar okkur að veita viðskiptavinum persónulegri, skilvirkari og öruggari þjónustu.

Hvort sem flytja þarf mikið magn eða einn hlut, er okkur annað um að hver viðskiptavinur njóti þess besta sem völ er á.

SAMSKIP
– yfir lönd, yfir höf



samskip.is



Nafn: Arnar Gunnlaugsson
Númer # 26
Aldur: 31
Staða: Framherji
Önnur lið: Feyenoord, Bolton, Leicester, Stoke, Dundee.
Besta...
Erlenda: Man.Utd
Erlendi: Zidane
Innlendur: Rikki Daða



Nafn: Arnar J. Sigurgeirsson
Númer # 13
Aldur: 25
Staða: Miðja / Sókn
Besta...
Erlenda: Barcelona
Erlendi: Ronaldinho
Innlendur: Kiddi Magg



Nafn: Arnljótur Ástvaldsson
Númer # 20
Aldur: 21
Staða: Miðja
Önnur lið: Þór
Besta...
Erlenda: Man.Utd
Erlendi: Djemba-Djemba
Innlendur: Daði Ó. Elíasson



Nafn: Ágúst Gylfason
Númer # 7
Aldur: 32
Staða: Miðja
Önnur lið: Fram, Valur, Brann, Solothurn, Leiknir
Besta...
Erlenda: Man.Utd
Erlendi: Zidane
Innlendur: Arnar og Bjarki



Nafn: Bjarki Gunnlaugsson
Númer # 25
Aldur: 31
Staða: Miðja / Sókn
Önnur lið: ÍA, Feyenoord, Nurnberg, Mannheim, Molde, Brann
Besta...
Erlenda: Arsenal
Erlendi: Zidane
Innlendur: Arnar Gunnlaugsson



Nafn: Bjarni Þorsteinsson
Númer # 3
Aldur: 27
Staða: Vörn
Önnur lið: Molde
Besta...
Erlenda: Real Madrid
Erlendi: Zidane
Innlendur: Garðar Jó.



Nafn: Garðar Jóhannesson
Númer # 8
Aldur: 24
Staða: Framherji
Önnur lið: Stjarnan
Besta...
Erlenda: Real Madrid
Erlendi: Ronaldo



Nafn: Guðmundur Benidiktsson
Aldur: 30
Staða: Sóknarmaður



Nafn: Gunnar Einarsson
Númer # 12
Aldur: 27
Staða: Varnarmaður
Önnur lið: Valur, MVV, Rodz JC, Venlo, Brentford
Besta...
Erlenda: Arsenal
Erlendi: Zidane
Innlendur: Grétar Rafn, ÍA



Nafn: Gunnar Kristjánsson
Númer # 28
Aldur: 17
Staða: Kantur/Framherji
Önnur lið:
Besta...
Erlenda: Liverpool
Erlendi: Steven Gerrard.
Innlendur: Stefán Kristjánsson



Nafn: Henning E. Jónasson
Númer # 24
Aldur: 21
Staða: Bakvörður
Önnur lið: Stokkseyri, Selfoss
Besta...
Erlenda: Man.Utd
Erlendi: Eiður Smári
Innlendur: Kristján Sigurðsson



Nafn: Hans Pjetursson
Númer # 00
Aldur: 17
Staða: Markmaður
Besta...
Erlenda: Hull City
Erlendi: Tim Howard
Innlendur: Árni I. Pétursson



Nafn: Hilmar Björnsson
Staða: Bakvörður



Nafn: Hjörvar Hafliðason
Númer # 16
Aldur: 23
Staða: Markmaður
Önnur lið: Valur, HK
Besta...
Erlenda: Man.Utd
Erlendi: Paul Scholes
Innlendur: Sigurbjörn Hreiðars



Nafn: Jökull Elísarbetarson
Númer # 23
Aldur: 20
Staða: Bakvörður
Besta...
Erlenda: Man.Utd
Erlendi: Zidane
Innlendur: Kristján Finnbogason

Meistaraflokkur karla 2004



Nafn: Kjartan H. Finnbogason
Númer # 19
Aldur: 17
Staða: Framherji
Besta...
Erlenda: Man.Utd
Erlendi: Thierry Henry
Innlendur: Theodór Elmar



Nafn: Kristinn Hafliðason
Númer # 5
Aldur: 28
Staða: Miðjumaður
Besta...
Erlenda: Liverpool
Erlendi: Zizu
Innlendur: Daniel Hafliðason



Nafn: Kristinn Magnússon
Númer # 4
Aldur: 20
Staða: Miðjumaður
Besta...
Erlenda: Man.Utd
Erlendi: Thierry Henry
Innlendur: Arnar Jón




Nafn: Kristján Finnbogason
Númer # 1
Aldur: 33
Staða: Markmaður
Önnur lið: Grótta, ÍA, Ayr Utd, Lommel
Besta...
Erlenda: Liverpool
Erlendi: Zidane
Innlendur: Kristinn Magnússon



Nafn: Kristján Ö. Sigurðsson
Númer # 6
Aldur: 23
Staða: Vörn
Önnur lið: KA
Besta...
Erlenda: Arsenal



Nafn: Ólafur Páll Johnson
Númer # 15
Aldur: 19
Staða: Miðjumaður
Besta...
Erlenda: Man.Utd
Erlendi: Zidane
Innlendur: Kristján Örn



Nafn: Sigmundur Kristjánsson
Númer # 22
Aldur: 20
Staða: Kantur
Önnur lið: Próttur, FC Utrecht
Besta...
Erlenda: Man.Utd
Erlendi: Ryan Giggs
Innlendur: Eiður Smári



Nafn: Sigurður R. Eyjólfsson
Númer # 2
Aldur: 30
Staða: Framherji
Önnur lið: Víkingur, Próttur, ÍA, Walsall, Chester, Harelbeke
Besta...
Erlenda: Man.Utd
Erlendi: Thierry Henry



Nafn: Sigurvin Ólafsson
Númer # 10
Aldur: 27
Staða: Miðjumaður
Önnur lið: ÍBV, Stuttgart, Fram
Besta...
Erlenda: Man.Utd
Erlendi: Zidane
Innlendur: Freyr Karlsson



Nafn: Sverrir Bergsteinsson
Númer # 27
Aldur: 21
Staða: Vörn
Besta...
Erlenda: Man.Utd
Erlendi: Héðinn á Lækjum
Innlendur: Sölvi Davíðsson



Nafn: Sölvi Davíðsson
Númer # 9
Aldur: 20
Staða: Kantur
Besta...
Erlenda: Man.Utd
Erlendi: Matt Le Tissier
Innlendur: Stjáni



Nafn: Sölvi Sturluson
Númer # 17
Aldur: 19
Staða: Vörn
Besta...
Erlenda: Man.Utd
Erlendi: Thierry Henry
Innlendur: Þormóður Egilsson



Nafn: Theodór E. Bjarnason
Númer # 21
Aldur: 17
Staða: Miðjumaður
Önnur lið: Start
Besta...
Erlenda: Barcelona
Erlendi: Pavel Nedved
Innlendur: Kjartan Henry



Nafn: Willum Þór Þórsson
Þjálfari
Aldur: 41



Nafn: Stefán Arnaldsson
Aðstoðarþjálfari
Aldur: 46



Ég kemst ekki í liðið

Willum Þór Þórsson er KR-ingur af gamla skólanum og þekktur fyrir að vera harður á velli og hvetjandi leiðtogi. Hann hefur náð frábærum árangri með KR síðan hann tók við liðinu. KR-blaðið settist niður með Willum og fékk hann til að svara nokkrum spurningum um boltann í sumar.

Telur Willum að valdahlutföllin í íslenska boltanum eigi eftir að breytast sumarið 2004?

Ég lít á það sem skilgreiningaratriði. Í dag eru 12–13 lið sem myndu sóma sér vel í úrvalsdeildinni okkar og í raun geta öll lið úrvalsdeildarinnar þetta sumarið blandað sér í baráttuna í efri hluta deildarinnar. Þetta verður gríðarleg barátta.

Hvaða lið sérðu fyrir þér að berjast í efri hluta deildarinnar?

Fyrirfram sé ég FH, Akranes og Fylki á toppnum með KA og Keflavík á hælunum. ÍBV og Fram gætu smellið og Víkingarnir verða gifurþéttir. Grindavík

sé ég meira sem óskrifað blað en klárt mál að þeir fara langt á rómaðri samstöðu bæjarins.

„Ég fæ því miður alltof sjaldan að taka hraustlega á því.“

Þegar þú lítur yfir síðasta sumar er þá eitthvað sem kemur á óvart eða kom á óvart eftir á að hyggja?

Í raun og veru ekki, við vissum að tímabilið yrði svolítið á þennan veg, þ.e.a.s. að þegar væntingarnar eru miklar verður sjaldnast nokkuð nægjanlega gott. Mér fannst leikmenn hins vegar höndla pressuna sem fylgir væntingunum mjög vel og það var mikill stígandi í liðinu út mótið þrátt fyrir að við höfum ekki verið sáttir við sjálfa okkur undir lokin í kjölfar bikarósigurs í undanúrslitum gegn gifurlega öflugum FH-liði.

Hvernig er staðan á mannskapnum í Frostaskjólínu?

Hugurinn og tilhlökkunin er til staðar en fullmargir góðir knattspyrnumenn eiga hins vegar í meiðslavandræðum en hið jákvæða er að fleiri ungir leikmenn hafa fengið að spreya sig á undirbúningstímanum og öðlast dýrmæta leikreynslu, sem á eftir að nýtast þegar fram í sækir og fyrir félagið á næstu árum.

„Þar erum við alltaf bestir og án þeirra værum við ekki KR.“

Það hefur verið sagt að þú ættir að geta haldið úti tveimur liðum sem myndu sóma sér vel í Landsbankadeildinni. Ertu sammála þessu?

Ég verð að fá að vísa þessu til föðurhúsanna. Rúmur helmingur þessa hóps hefur komið inn í hópinn úr 2. flokki á síðastliðnum tveimur árum, sem er í raun frábært og um leið hvatning fyrir unglingsstarfið í KR. Ég get hins vegar svarað þessu játandi ef við gefum okkur þær forsendur að við myndum blanda vel í tvö lið og þau sloppið algerlega við meiðsl og bönn og það mætti hræra svolítið á milli liða, þá myndu þau bæði sóma sér í deild þeirra bestu.

Því hefur verið haldið fram að þjálfarinn taki hraustlega á því á æfingum og gæti hugsanlega komist í liðið. Er þetta satt og rétt?

Ég fæ því miður alltof sjaldan að taka hraustlega á því. Ég hef leikmenn grunaða um að skila hópnum alltaf á sléttu tölunni þegar kemur að því að stilla í

lið á æfingum. Ég hef aldrei lagt skóna á hilluna. Ég kemst bara því miður ekki í liðið.

Fer það í taugarnar á þér að sumir (væntanlega andstæðingar KR) tala um stjórnufans í Vesturbænum?

Nei. Slíkan stimpil fær enginn nema hann geti eitthvað í fótbolta. Því betri og öflugri leikmenn því meiri kröfur er hægt að gera. Slíkir leikmenn þola meiri kröfur og þær eru til staðar hjá KR.

Geturðu lýst starfsumhverfinu hjá KR...og degi í lífi þjálfarans?

Rótgróinn metnaður. Ólst upp við hann og finn fyrir honum. Dagurinn í lífi þjálfarans snýst um næstu æfingu og næsta leik. Tækin sem hann hefur í höndunum eru síðasta æfing og síðasti leikur. Sofna með síðustu æfingu og leik í kollinum og vakna með næstu æfingu og næsta leik í huga.

KR á magnaðan hóp háværra stuðningsmanna. Hversu mikilvægur er stuðningur sem þessi?

Hann er okkur allt, þar erum við alltaf bestir og án þeirra værum við ekki KR.


Hvað er KR í huga Willums?

Fólki, allir KR-ingar í starfi sem og í hjarta. Þeir sem stofnuðu félagið, byggðu það upp og veita því brautargengi um ókomna tíð.



„Ég get hins vegar svarað þessu játandi ef við gefum okkur þær forsendur að við myndum blanda vel í tvö lið og þau sloppið algerlega við meiðsl og bönn og það mætti hræra svolítið á milli liða, þá myndu þau bæði sóma sér í deild þeirra bestu.“

Willum Þór Þórsson



SKORADU

MEÐ COCA-COLA® Í SUMAR

LÚXUSFERÐ Á ÚRSLITALEIK EURO 2004™ + 200.000 SPENNANDI VINNINGAR

Safnaðu gulum töppum af Coke eða Diet Coke í sumar og nældu þér í skemmtilega vinninga.

200.000 vinningar í boði

- 30 tappar = EURO 2004™ fótbolti - 20.000 stk.
- 20 tappar = Grjónabolti (hacky sack) - 20.000 stk.
- 10 tappar = Sérframleidd EURO 2004™ leikmannafaska (5 tegundir) - 160.000 stk.

Vinnur þú lúxusferð fyrir tvo á úrslitaleik EURO 2004™?
Sendu okkur 5 tappa ásamt nafni, heimilisfangi og símanúmeri og þú kemst í pottinn! Dregið 24. júní í beinni á RÚV.

Söfnunarvinninga skal vitja á þjónustustöðvum Esso/Nesti og Shell/Select um land allt fyrir 31. júlí 2004.
Tryggðu þér vinning meðan birgðir endast.



Coca-Cola





Nafn: Ólína K. Sigurgeirsdóttir
Aldur: 20
Staða: Vörn
Önnur lið: Þróttur
Besta...
Erlenda: Manchester United og Real Madrid
Innlendur: Embla
Erlendi: Eiður Smári



Nafn: Guðný G. Einarsdóttir
Aldur: 20
Staða: Bakvörður, kantur
Önnur lið: Sindri
Besta...
Erlenda: Arsenal
Innlendur: Gunna Sóley
Erlendi: Eiður Smári



Nafn: Hólmfríður Magnúsdóttir
Númer# 3
Aldur: 19
Staða: Vinstri kantur
Önnur lið: Fylkir
Besta...
Erlenda: Manchester United
Innlendur: Edda Garðars
Erlendi: Eiður Smári



Nafn: Katrín Ómarsdóttir
Aldur: 17
Staða: Miðja, frammi
Önnur lið: Grótta
Besta...
Erlenda: Stoke City
Innlendur: Laufey Ólafsdóttir í Val
Erlendi: Eiður Smári



Nafn: Anna Berglind Jónsdóttir
Númer# 6
Aldur: 20
Staða: Sóknarmaður
Besta...
Erlenda: Chelsea og Manchester United
Innlendur: Fríða í KR
Erlendi: Eiður Smári




Nafn: Tinna Hauksdóttir
Númer# Bara það sem er laust
Aldur: 19
Staða: Vörn, miðja
Besta...
Erlenda: Manchester United og Real Madrid
Innlendur: Gunna Sóley í KR
Erlendi: Hrefna Jó.



Nafn: Aníta Guðlaugsdóttir
Aldur: 17
Staða: Vörn, kantur
Önnur lið: Selfoss
Besta...
Erlenda: Liverpool
Innlendur: Guðrún Sóley
Erlendi: Gerrard



Nafn: Embla Grétarsdóttir
Númer# 10
Aldur: 23
Staða: 22
Önnur lið: Sindri
Besta...
Erlenda: Manchester United
Innlendur: Ólína K. Sigurgeirs.
Erlendi: Hrefna Jó



Nafn: Petra Fanney Bragadóttir
Númer# 12
Aldur: 27
Staða: Markmaður
Önnur lið: ÍBV, Sindri
Besta...
Erlenda: Liverpool
Innlendur: Fríða í KR
Erlendi: Hrefna í Noregi



Nafn: Edda Garðarsdóttir
Númer# 4
Aldur: 24
Staða: Miðja
Önnur lið: KVA, Fredriksberg Köbenhavn
Besta...
Erlenda: Liverpool
Innlendur: Ólína Guðbjörg
Erlendi: Hrefna þruma í Noregi




Nafn: Þórunn H. Jónsdóttir
Númer# 7
Aldur: 19
Staða: Miðja
Besta...
Erlenda: Liverpool
Innlendur: Guðrún Sóley Gunnarsdóttir
Erlendi: Henry og Gerrard



Nafn: Júlíana Einarsdóttir
Aldur: 17
Staða: Frammi
Besta...
Erlenda: Chelsea
Innlendur: Edda Garðars
Erlendi: Mia Hamm



Nafn: Íris Björk Símonardóttir
Númer# 14
Aldur: 17
Staða: Miðja
Besta...
Erlenda: Liverpool
Innlendur: Þórunn Helga
Erlendi: Henry



Nafn: Elín J. Þorsteinsdóttir
Númer# 5
Aldur: 23
Staða: Varnarmaður
Besta...
Erlenda: Liverpool
Innlendur: Guðrún Sóley
Erlendi: Zidane



Nafn: Guðlaug Jónsdóttir
Númer# 11
Aldur: 32
Staða: Kantur
Önnur lið: ÍA, Brøndby, FVK
Besta...
Erlenda: Real Madrid
Innlendur: Edda og Gunna
Erlendi: Hrefna í Noregi



Nafn: Agnes Póra Árnadóttir
Aldur: 16
Staða: Miðja
Besta...
Erlenda: Manchester United
Innlendur: Þórunn Helga
Erlendi: Henry



Nafn: Elfa Björk Erlingsdóttir.



Nafn: Guðrún S. Gunnarsdóttir
Staða: Vörn



Nafn: Elfa Björk Erlingsdóttir.
Staða: Markmaður



Nafn: Sólveig Þórarinsdóttir
Staða: Sóknarmaður

ÓMETANLEGIR stuðningsmenn

Halldóra B. Sigurðardóttir stýrir kvennaliði KR. Hún hefur mátt sjá eftir mörgum leikmönnum liðsins til annarra liða en segist þó vera bjartsýn á sumarið.

Hvernig leggst sumarið í þig?

Sumarið leggst vel í mig. Þetta verður eflaust jafnt og spennandi mót.

Þurftirðu að hugsa þig lengi um þegar þér var boðið að taka við KR-liðinu?

Já, ég verð að segja að það tók smá tíma að ákveða það. Þetta er ögrandi og spennandi verkefni, en um leið krefjandi og ábyrgðarfullt, þannig að ég tók mér ágætan umhugsunarfrest.

„Við höfum misst lykilleikmenn en á móti kemur að við höfum fengið efnilegar stelpur til liðs við okkur.“

Á KR eftir hafa sömu yfirburði og síðasta sumar?

Nei, ég held að deildin eigi eftir að vera jafnari nú í ár. Við höfum misst lykilleikmenn en á móti kemur að við höfum við fengið efnilegar stelpur til liðs við okkur. Önnur félög, eins og t.d. ÍBV, hafa styrkt sig mikið frá því í fyrra og eiga eflaust eftir að sauma enn harðar að titlinum en í fyrra.

Hvaða lið sérðu fyrir þér að berjast í efri hluta deildarinnar?

Í efri hlutanum verða væntanlega þau lið sem hafa undanfarin ár barist um titilinn eða KR,

Valur, ÍBV og Breiðablik. Mér finnst mjög líklegt að þessi lið verði að berjast um efstu sætin.

En neðri hlutanum?

Það er erfitt að segja til um það, ég hef lítið séð til þessara liða. Það má reyndar ekki gleyma því að þessi lið eru að bæta við sig leikmönnum og eru því að nokkru leyti óskrifað blað. Einhver þeirra gætu komið á óvart í sumar.

„Stuðningurinn er mjög mikilvægur fyrir alla sem standa nálægt liðinu.“

Geturðu lýst starfsumhverfinu hjá KR...og degi í lífi þjálfarans?

Starfsumhverfið hjá KR er mjög notalegt. Hér er vel að öllum málum staðið. Dagurinn hjá mér er yfirleitt annasamur. Ég byrja á því að vakna kl. 7 og er mætt til kennslu kl. 8. Ég kenni 7. bekk auk þess sem ég kenni nokkra tíma í íþróttum og sundi. Yfirleitt er ég komin heim milli 16 og 17, æfingarnar hefjast kl. 18 og búnar um hálf átta. Þá á ég stundum eftir að fara yfir einhver verkefni eða bækur og undirbúa næstu æfingar.

KR á magnaðan hóp háværra stuðningsmanna. Hversu mikilvægur er stuðningur sem þessi?

Stuðningurinn er mjög mikilvægur fyrir alla sem standa nálægt liðinu. Það er ómetanlegt að eiga þessa öflugstu stuðningsmenn. Þeir eiga sinn þátt í að búa til þessa einstæðu KR-stemmningu, sem maður verður var við bæði utan sem innan vallar.

Hvað er KR? Ég og þú.



Halldóra B. Sigurðardóttir



Svipmyndir



**EIÐUR
VS
BECKHAM**

Myndasyrpa

KR spáð sigri í ár

KR-ingum var spáð Íslandsmeistaratitlinum í árlegri spá þjálfara og fyrirlíða féлага í Landsbankadeildinni. Það er ekki nýtt af nálinni að KR sé spáð þessum titli en það er orðinn venja að menn segi titilinn muni fara í Vesturbæinn í lok leiktíðar.

Staða liða var spáð þessl:

1.	KR	267 stig
2.	Fylkir	260 stig
3.	FH	241 stig
4.	ÍA	233 stig
5.	KA	145 stig
6.	Keflavík	139 stig
7.	Fram	103 stig
8.	ÍBV	102 stig
9.	Grindavík	96 stig
10.	Víkingur	64 stig

Samkvæmt spánni mun KR að verja titilinn en Grindavík og Víkingur munu falla. Grindavík hefur aldrei fallið úr úrvalsdeild og því verður fróðlegt að sjá hvort eitthvað sé til í þessari spá.

Willum Þór Þórsson veit að hans og KR-liðsins bíður erfitt verk en það er ekkert lið auðsigræð í deildinni í ár. Mörg lið hafa bætt við sig mannskap og munu berjast grimmelega í sumar. Þá eru allnokkrir leikmenn KR meiddir og geta ekki leikið með strax og mótið hefst og því fá ungir og efnilegir leikmenn að sanna sig.

Sóknarbolta í sumar!

Landsbankinneraðalstyrktaraðili úrvalsdeildar karla og kvenna eins og undanfarin ár og sagði Björgólfur Guðmundsson, stjórnarformaður Landsbankans, að hann vilji að menn leiki sóknarbolta í deildinni, Landsbankinn léki sóknarbolta og það vill hann einnig sjá liðin gera í ár. Að sögn Björgólfs ætlar Landsbankinn að styðja dyggilega við bakið á deildinni og verður bankinn með ýmislegt í gangi í sumar. Til að auka áhugann á Landsbankadeildinni er staðið fyrir stuðningsmannasamkeppni þar sem valinnverður besti stuðningsmannahópin og eru vegleg verðlaun í boði.



Björgólfur Guðmundsson vill sjá sóknarbolta í sumar

Þá ætlar Landsbankinn að bjóða öllum viðskiptavinum sínum undir 16 ára aldri frítt á völinn en þetta er gert til að gefa yngri kynslóðinni betra færi á að sjá leikina í deildinni.

Stefnt að ná 100 þúsund markinu

Knattspyrnusamband Íslands vonast eftir að brjóta 100 þúsund áhorfenda múrinn í ár en það hefur ekki enn gerst í úrvalsdeildinni. Félagin voru látin gera áætlun um hversu margir myndu sækja leiki liðanna og samanlögð tala var yfir 100.000 manns. Við vonum að það verði raunin enda er fótboltinn langvinsælasta íþrótt landsins.

Spjaldað fyrir að fara úr

Í ár munu dómara áminna leikmenn ef þeir fara úr treyju til að fagna marki. Þessi regla er frá FIFA og tekur gildi strax í fyrsta leik sem er heimaleikur KR við FH.

Engar aðrar róttækar breytingar eru á reglum um dómgæslu en dómara eiga að sjá til þess að leikmenn sýni háttvísi og hógværð og hart verður tekið á leikaraskap.



Samkvæmt spá þjálfara og leikmanna í Landsbankadeild karla munu KR-ingar standa uppi sem sigurvegarar.

FERÐ Á STÓRLEIK ÁRSINS



VS



39,900



www.sportferdir.is

Úr að ofan = áminning



LANDSBANKA DEILDIN

Keppni allra landsmanna

Stuðningsmannakeppni

Landsbankadeildin í sumar verður ekki bara hörð keppni milli leikmanna á vellinum heldur einnig meðal stuðningsmanna í stúkum og stæðum. Valinn verður besti stuðningsmannahópurinn eftir hverja sex leikja umferð og loks fyrir mótið í heild. Vegleg peningaverðlaun verða veitt sem renna til yngri flokkastarfs félaganna.

Frítt á leiki og happdrættispottur

Viðskiptavinir Landsbankans 16 ára og yngri fá frítt á leiki í Landsbankadeildinni í sumar. Þeir lenda líka í happdrættispotti með 100 glæsilegum vinningum. Miðar eru afhentir í útibúum bankans.

1. vinningur: 4 flugmiðar og 4 miðar á leik í Meistaradeild Evrópu.

Aðrir vinningar: Áritaðar landsliðstreyjur og vandaðir fótboltar.

Netleikir

Hægt verður að spila tvær útgáfur af netleikjum í boði Landsbankans,

Draumadeildin sem eingöngu verður spilaður í karladeildinni og

Réttu úrslitin sem eingöngu verður spilaður í kvennadeildinni.

Veglegir vinningar í boði. Slóðin á leikina er www.li.is

